

 **Framúrskarandi.** Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til.

 **Hæfni náð.** Nemandi nær færninni sem stefnt er að með fáar eða engar skekkjur.

 **Á góðri leið.** Nemandi er á góðri leið með að ná markmiðunum en verkefni ekki fullnægjandi.

 **þarfnast þjálfunar.** Nemandi hefur ekki fyllilega náð færninni sem stefnt er að. Lítil skilningur á viðfangsefninu.

 **Hæfni ekki náð.** Nemandi sýnir ekki færni í viðfangsefninu sem liggur fyrir. Verkefnaskil ófullnægjandi.

## Hæfniviðmið lotunnar:

*Að nemandi geti:*

- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.